



Minnisblað til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Efni: Breyting á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar - tillaga um fjölgun bæjarfulltrúa í bæjarstjórn og bæjarráði.

Dags: 31. mars 2022

Málsnúmer: 202002306/0.1

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Þóra M. Hjaltested, lögmaður Mosfellsbæjar

Innan stjórnarsýslu Mosfellsbæjar hefur verið unnið að heildarendurskoðun samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar. Ekki hefur reynt unnt að ljúka þeirri vinnu á þessu kjörtímabili en vinnan telst þó á síðustu stigum, en fyrirhugað er að leggja tillögu að heildarendurskoðun samþykktanna fyrir fund bæjarstjórnar í upphafi nýs kjörtímabils.

Fjöldi bæjarfulltrúa í bæjarstjórn.

Í 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um fjölda fulltrúa í stjórn sveitarstjórn. Fjöldi fulltrúa skal standa á oddatölu og skal fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn ákveðinn í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þar sem íbúar eru 10.000-49.999 skal fjöldi fulltrúa vera 11-15. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að ekki sé skylt að fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri en viðmiðunarmörkin í fjögur ár samfelt, talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna.

Íbúafjöldi í Mosfellsbæ þann 1. janúar 2018 var 10.556 íbúar. Í ljósi þessa ber að fjölga bæjarfulltrúum.

Lagt er til að bæjarfulltrúum í bæjarstjórn verði fjölgað úr 9 í 11 í samræmi við meðfylgjandi tillögu um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar.

Fjöldi bæjarfulltrúa í bæjarráði

Samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaga skal fjöldi aðalmanna í byggðarráði standa á oddatölu. Jafnframt skulu aðalmenn í byggðarráði ekki fleiri en nemur helmingi af aðalfulltrúum í sveitarstjórn, þó mest níu. Kjósa skal jafnmarga aðal- og varamenn.

Með vísan til þess að bæjarfulltrúum sem mynda bæjarstjórn verður fjölgað er jafnframt lagt til að bæjarfulltrúum í bæjarráði verði fjölgað úr 3 í 5 sem í samræmi við þann fjölda sem skipar bæjarráð í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, þar sem fjöldi bæjarfulltrúa er 11.

Tillaga:

Lagt er til að samþykktum um stjórn Mosfellsbæjar verði breytt þannig að við kosningar til sveitarstjórnar Mosfellsbæjar þann 14. maí nk. verði bæjarstjórn Mosfellsbæjar skipuð 11 bæjarfulltrúum og að bæjarráð verði skipað 5 bæjarfulltrúum í samræmi við meðfylgjandi tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 238/2014. Í samræmi við sveitarstjórnarlög ber að hafa tvær umræður um breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Þóra M. Hjaltested
Lögmaður Mosfellsbæjar